

Nd.

650. Nefndarálit

[215. mál]

um frv. til l. um Tækniskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á mörgum fundum og fengið umsagnir og álit ýmissa aðila, sem málið snertir. Telur n. ókleift að afgreiða frv. án verulegra breytinga, og eru þessar veigamestar:

- 1) Vélskóla Íslands verði ekki blandað í þessa skólastofnun og starfi hann áfram sem sjálfstæð stofnun.
- 2) Ákvæði um, að skólinn taki til starfa haustið 1963, er óraunhæft og því ekki rétt að lögfesta það.

Frv. hefur verið umsamið í samráði við hæstv. menntamálaráðherra og gerðar þessar höfuðbreytingar. Ýmsar greinar eru felldar niður, þar sem þær eiga betur heima í reglugerð, og notað er heitið skólastjóri, en ekki rektor.

Með því að samþykkja slík heimildarlög sem brtt. gera frv. að, mundi Alþingi staðfesta vilja sinn til, að Tækniskóla Íslands verði komið upp sem fyrst, og tryggja, að undirbúningi verði haldið áfram af fullum krafti. Gerir 12. brtt. ráð fyrir, að þegar verði sett nefnd til að semja reglugerð um starfsemi skólans og móta hann.

Í brtt. er gert ráð fyrir, að undirbúningsdeildir megi starfa bæði á Akureyri og í Reykjavík. Má telja, að þar með kæmi vísir að fullkomnum tækniskóla einnig á Akureyri.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja öðrum brtt., ef fram koma.

Alþingi, 16. apríl 1963.

Benedikt Gröndal,
form., frsm.

Ragnhildur Helgadóttir,
fundaskr.

Alfreð Gíslason.

Einar Olgeirsson.

Björn Fr. Björnsson.